



## TECVAYLI® (teclistamab) Sjúklingakort

Hafðu þetta kort alltaf á þér.

**SÝNDU KORTIÐ** öllum heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að umönnun þinni og ef þú ferð á sjúkrahús.

Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](#). Einnig má tilkynna beint til Vistor hf. á netfangið [safety@vistor.is](#).

v.2.0 JC 220106-2 02/2024 Samþykkt af Lyfjastofnun í janúar 2024

BRJÓTIÐ SAMAN HÉR

TECVAYLI getur valdið aukaverkunum eins og boðefnafári og eiturverkanunum á taugar, þ.m.t. heilkenni eiturverkana á taugar sem tengist ónæmisverkfrumum (ICANS).<sup>1</sup>

Sjá fylgiseðil lyfsins fyrir nánari upplýsingar.

NAFN SJÚKLINGS:

BRJÓTIÐ SAMAN HÉR

## Mikilvægar öryggisupplýsingar fyrir sjúklinga

Leitaðu læknishjálpar strax ef þú færð einhver eftirfarandi einkenni:<sup>1</sup>

### Boðefnafár

- Hiti (38°C eða hærra)
- Kuldahrollur
- Hraður hjartsláttur
- Öndunarerfiðleikar
- Ógleði
- Höfuðverkur
- Sundl

### Eiturverkanir á taugar, þ.m.t. ICANS

- Ringlun
- Skortur á árvekni
- Erfiðleikar með að skrifa
- Erfiðleikar með að tala
- Syfja
- Tap á getu til að framkvæma eðlilegar hreyfingar og bendingar (þrátt fyrir að hafa líkamlega getu og löngun til að framkvæma þær)

BRJÓTIÐ SAMAN HÉR

**MIKILVÆGT AÐ MUNA:** Vertu nálægt staðnum þar sem þú fékkst TECVAYLI meðferð í að minnsta kosti 2 daga meðan á daglegu eftirliti stendur eftir fyrstu þrjá skammtana (sem eru yfirleitt tveir smáhækkandi skammtar og fyrsti viðhaldsskammturinn).<sup>1</sup> Ef þú ert með einhver einkenni sem talin eru upp á þessu korti skaltu hringja strax í lækinn eða fara á bráðamóttöku! Þetta eru ekki einu aukaverkanirnar sem geta komið fram með TECVAYLI. Láttu lækinn vita ef þú ert með einhverjar aukaverkanir sem trufla þig eða hverfa ekki.

## Meðferðarlæknir

NAFN MEÐFERÐARLÆKNIS:

SÍMANÚMER

MEÐFERÐARLÆKNIS:

HEITI OG HEIMILISFANG  
SJÚKRAHÚSS:

SÍMANÚMER:

BRJÓTID SAMAN HÉR

### Upplýsingar sem heilbrigðisstarfsmenn eiga að fylla út

Láttu heilbrigðisteymið þitt fá þetta kort svo þau geti skráð upplýsingarnar á það og látið þig fá það aftur.

Dagsetningar TECVAYLI inndælinga (skammtaaukningaráætlun):

SMÁHÆKKANDI SKAMMTUR 1

SMÁHÆKKANDI SKAMMTUR 2

FYRSTI VIÐHALDSSKAMMTUR\*

\*Þetta er fyrsti fulli meðferðarskammturinn (1,5 mg/kg)<sup>1</sup>

BRJÓTID SAMAN HÉR

### Mikilvægar öryggisupplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

Boðefnafár og eiturvefningar á taugar, þ.m.t. ICANS getur komið fram hjá sjúklingum sem fá TECVAYLI og getur verið banvænt eða lífshættulegt. Flest þessara tilvika sem koma fram eftir gjöf TECVAYLI eru 1. eða 2. stigs.<sup>1</sup>

Þú skalt meta sjúklinginn með tilliti til einkenna boðefnafárs og ICANS. Ef sjúklingurinn greinir frá einhverri aukaverkun sem tilgreind er á þessu korti skaltu tafarlaust hafa samband við meðferðarlækni sjúklingsins fyrir frekari upplýsingar.

Sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir ítarlegri upplýsingar.<sup>1</sup>

BRJÓTID SAMAN HÉR

1. Samantekt á eiginleikum lyfs - TECVAYLI.